

Nr. 139 / 10 Aðalsteinn Jónsson SU 11**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr. nr. 2699
Smíðaður: Noregi 2001
Stærð: 1677,06 brl. 3129,03 bt.
Mesta lengd: 77,40 m Skráð lengd: 70,18 m
Breidd: 14,50 m Dýpt: 9,90 m
Vél: WARTSILA 5520 kW, 2001
Fjöldi skipverja: 20



Aðalsteinn Jónsson@Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. október 2010 var Aðalsteinn Jónsson SU 11 á síldveiðum en hélt sjó í Síldarsmugunni. Veður: 18 – 25 m/sek.

Vélstjóri var í vaktklefa vélarúms þegar viðvörðun frá viðvörðunarkerfi kom um óeðlilegan hita á slíf A5. Við athugun kom í ljós að reykjareimur var við slífina og „drain“ rörum á aðalvélinni. Einnig lagði hvítan reyk út um öndun á þilfari frá sveifarhúsi. Hann lét vita upp í brú og stöðvaði vélina í vaktklefanum og tók rafmagn af henni. Þá kvað við mikil sprenging úr vélarúminu og brunaviðvörðunarkerfi fór í gang. Áhöfnin mætti á stjórnþall samkvæmt viðbragðsáætlun.

Eftir að vélarúmið hafði verið reykræst kom í ljós að allar sprengilúgur á sveifarhúsi höfðu sprungið út. Eftir skoðun vélstjóra var ljóst að um meiriháttar bilun var að ræða á stimpli nr. A5 en sökum veðurs og mikillar hreyfingar var ekki talið ráðlegt að ráðast í viðgerð. Skipstjórinn hafði því samband við útgerð og varð það úr að Jón Kjartansson SU 111 var sendur til að draga skipið til Eskifjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að stimpill í strokk A5 hafði rifið slífina illa og hún brotnað í tvennt um hringjaraufarnar á honum þar sem hann var stopp (sjá mynd). Gat var komið á stimpilinn vegna hita;

- að úr sveifarás liggur smurrás eftir endilangri stimpilstönginni upp í stimpilboltann sem er gegnumboraður en endarnir blindaðir með töppum. Upp úr boltanum sprautast smurolían upp undir stimpilkollinn til kælingar en hluti olíunnar leitar út um smurrásir í stimplinum til smurningar á slífinni;
- að þegar í land var komið var bæði slíf og stimpillinn tekin úr í einu og nýtt sett í staðinn. Við þrif á botnpönnu að því loknu fundust tveir tappar úr stimpilboltaenda. Þegar skemmdi stimpillinn var tekinn úr slífinni sást að annar tappinn hafði farið úr og hinn var á leið út úr smurrásinni;
- að ljóst var að þarna lægi orsök bilunarinnar og var þá ákveðið að taka alla stimpla úr vélinni til skoðunar. Í strokk B4 sást að slíf var skemmd og aðeins farið að sjást á stimpli;
- að við skoðun á öllum stimpilboltunum kom í ljós að af tólf boltum voru sex í lagi en á hinum voru tapparnir komnir meira og minna út úr sætum sínum;
- að skipt var um alla stimpilbolta og voru blindtapparnir í þeim sverari en þeir gömlu.



Nefndarálit:

Orsök bilunar var sú að blindtapparnir voru ekki að réttum sverleika.